

Börkur Sigurbjörnsson

Álfasvik

örsaga



Urban Volcano

Álfasvík


Börkur Sigurbjörnsson

Creative Commons (BY-NC-ND) – 2023
<https://creativecommons.org/licenses/by-nc-nd/3.0/>

Útgefandi: Urban Volcano

<https://urbanvolcano.net/>

Þessa sögu má afrita með hvaða hætti sem hugnast getur, svo sem með fjölrítun, meitlun í stein eða upplestri í gegnum Zoom úr baðkari á jónsmessunótt, svo fremi sem vísað er í höfund, efniinu ekki breytt á nokkurn hátt og ekki skapist fjárhagslegur ávinningur af afrituninni.



Álfasvik

„Íslenska trúin á álfa og huldufólk er nú eitt aldeilis bölvæð helvítis rugl,“ sagði amma þar sem við sátum í samkomusal elliheimilisins og tefldum.

„Hvað þá?“ spurði ég hissa og fannst þessi athugasemd hafa verið gripin úr ansi lausu lofti. „Hvers vegna segir þú það?“

„Þegar ég var ung,“ hóf amma söguna eins og gerði svo oft á sínum efri árum. „Þá var ég send að sækja kýrnar út á tún á hverjum degi. Hvern einasta dag gekk ég því fram hjá Breiðahrauni sem var altalað fyrir að vera byggð álfa og huldufólks. Í

hvert sinn sem ég gekk framhjá álfabyggðinni talaði ég til álfanna og óskaði mér að ég yrði skáld.“

Amma gerði hér hlé á sögu sinni á meðan hún drap það með biskup og skákaði mig.

“Og hvað gerðist svo?“ hélt hún svo áfram að drápi loknu. „Ég flutti til Reykjavíkur, lærði lögfræði, stofnaði mína eigin stofu og endaði uppi sem dómari í hæstarétti.“

Hún gerði aftur hlé á máli sínu, leit upp frá tafllborðinu og út um gluggann.

„Ég varð hins vegar aldrei skáld.“

Þessi saga byggir á sannsögulegum atburðum.

Um höfundinn

Börkur Sigurbjörnsson er menntaður tölvunarfræðingur og hefur hugbúnaðarþróun sem aðal viðurværi en sinnir skáldskap í hjáverkum. Börkur er fæddur og uppalinn í Reykjavík en hefur á undanförunum tveimur áratugum búið víðs vegar um heiminn, með langtímadvöl í Amsterdam, Barselóna, Bursheid, Düsseldorf, Lundúnum, Montevideo og Reykjavík. Börkur birtir reglulega örsögur, smásögur og ljóð á vefsíðunni Urban Volcano.

Bækur höfundarins

Talaðu við ókunnuga, smásagnasafn (2019)

52 augnablik, örsagnasafn (2017)

999 Erlendis, smásagnasagn (2012)

Aðrir tenglar

Börkur Sigurbjörnsson (heimasíða)

Urban Volcano